

Ed.

150. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Árin 1938—1942, að háðum meðtöldum, greiðir rikissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutnings-skýrslna, eins og hér segir:

1) Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr. 20700
2) - Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	— 4100
3) - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	— 4100
4) - Dalasýslu	— 1500
5) - Barðastrandarsýslu	— 5400
6) - Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	— 18000
7) - Strandasýslu	— 3300
8) - Húnavatnssýslu	— 4100
9) - Skagafjarðarsýslu	— 4100
10) - Siglufjarðarkaupstað	— 11000
11) - Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	— 19200
12) - Þingeyjarsýslu	— 6000
13) - Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	— 7500
14) - Neskaupstað	— 2500
15) - Suður-Múlasýslu	— 8500
16) - Skaftafellssýslu	— 3000
17) - Vestmannaeyjakaupstað	— 13400
18) - Rangárvallasýslu	— 2000
19) - Árnessýslu	— 5800
20) Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi 1500 krónur, lögreglustjórunum í Bolungavík, Ólafsfirði og Keflavík 500 krónur hverjum upp í skrifstofukostnað	— 3000

Samtals kr. 147200

2. gr.

Nú hækkar eða lækkar gengi gjaldeyris miðað við það, sem það er gagnvart gulli hinn 1. janúar 1938, og lækkar þá skrifstofuféð eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina, og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir, enda hafi gjaldeyrisbreytingin veruleg áhrif á verðlag þurftarvöru.

3. gr.

Skrifstofuféð greiðist með $\frac{1}{2}$ mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra. Áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja við það breytingartillögur eða fylgja brtt., ef fram koma.

Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Hinn 1. janúar 1938 féllu úr gildi lög nr. 86 19. júní 1933, um skrifstofufé bæjarfógeta og sýslumanna, og þykir því rétt að setja ný lög um þetta efni.

Að sjálfsögðu er og verður alltaf álitamál, hvernig skrifstofufé þetta skuli ákveðið, svo í fullu samræmi sé. Þetta lagafrumvarp er að miklu leyti sniðið eftir fyrrnefndum lögum. Þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar til hækkunar, aðallega að því er snertir skrifstofufé bæjarfógetanna, og er það í samræmi við það, sem greitt hefir verið á árinu 1937 og gefið loforð um á þessu ári. Þá hafa og lögreglustjórunum í Bolungavík, Ólafsfirði og Keflavík verið áætlaðar 500 krónur hverjum upp í skrifstofukostnað.

Hinar einstöku greinar frumvarps þessa þarfnast ekki skýringa.